

Akureyri, 10. ágúst 2022

Norðurþing, stjórnarsýsluhús
Skipulags- og byggingarfulltrúi
Ketilsbraut 7-9
640 Húsavík

Röndin fiskeldisstöð á Kópaskeri

Ósk um heimild til að breyta deiliskipulagi

Fyrir hönd Rifós hf. óskar undirritaður eftir heimild til að hefja vinnu við að breyta deiliskipulagi fyrir fiskeldisstöðina Röndina á Kópaskeri.

Breyting á deiliskipulagi mun felast í eftirfarandi:

- Skipulagssvæðið er stækkað til norðurs þannig að þá nái yfir þegar skilgreint nýtingarland vegna vatnstöku fiskeldisstöðvarinnar. Skilgreint nýtingarland er um 1,2 ha að stærð og má sjá afmörkun þess og hnitsetningu á mynd hér að neðan. Við þessa breytingu stækkar skipulagssvæðið úr 9,1 ha í 10,3 ha.
- Gildandi deiliskipulag gerir ráð fyrir 8 borholum innan lóðar en sú breyting er gerð að borholum fjölgar í 24 og verða flestar þeirra staðsettar á skilgreindu nýtingarlandi vatnstöku. Vatnsnotkun skv. gildandi deiliskipulagi er um 150 l/sek. að ársmeðaltali en sú breyting er gerð að vatnsnotkun eykst í um 980 l/s á ári, en vatnstaka úr borholum verður mest 2.160 l/sek.
- Framleiðslugeta fiskeldisstöðvarinnar eykst úr 2.000 tonnum af laxfiskum á ári í 8.800 tonn af laxfiskum á ári og standandi lífmassi verður að hámarki 2.700 tonn.

Breyting þessi mun vera í samræmi við umhverfismatsskýrslu um eldisstöðina sem Rifós hf. lagði til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat 1. mars 2022 ásamt álit Skipulagsstofnunnar um umhverfismatsskýrslu frá 11. júlí 2022.

Hér að neðan má sjá hluta gildandi deiliskipulagsuppdráttar sem sýnir lóð fiskeldisstöðvar ásamt uppdrætti sem sýnir skilgreint nýtingarland vegna vatnstöku fiskeldisstöðvarinnar.

Landslag ehf. hefur umsjón með gerð breytingar á deiliskipulagi.

F.h. Landslags ehf.

Ómar Ívarsson
Skipulagsfræðingur SFFÍ



Mynd 1. Hluti gildandi deiliskipulagsupplýsingar, lóð fiskeldisstöðvar með rauðri afmörkun.



Mynd 2. Nýtingarland vegna vatnstöku með rauðri afmörkun.